

Alþingi
Erindi nr. P 140/383
komudagur 11.11.2011

From: guðrun.thorleifsdottir@fjr.stjr.is [mailto:guðrun.thorleifsdottir@fjr.stjr.is]

Sent: 11. nóvember 2011 16:04

To: Eiríkur Áki Eggertsson

Cc: david.davidsson@fjr.stjr.is

Subject: Svar við beiðni nefndarmanns um upplýsingar - fjársýsluskattur - lífeyrissjóðir.

193 mál

Sæli Eiríkur

Launagreiðslur til starfsmanna lífeyrissjóða eru ekki sérgreindar í staðgreiðslukerfinu hjá skattyfirvöldum því staðgreiðslu af launum og lífeyrisgreiðslum er skilað í einu lagi til skattyfirvalda. Þess vegna var farin sú leið við að meta áætlaðar tekjur af fjársýsluskatti lífeyrissjóða að skoða ársreikninga stærstu lífeyrissjóðanna fyrir árið 2010.

Teknar voru saman launaupplýsingar úr ársreikningum 10 stærstu lífeyrissjóðanna og út frá því áætlað hvaða tekjum skatturinn á alla lífeyrissjóði myndi skila. Niðurstaðan úr þessu mati sýnir að lífeyrissjóðir muni greiða á bilinu 150-165 milljónir í fjársýsluskatt. Þetta eru innan við 4% af áætluðum tekjum af skattinum en reiknað er með að hann skili um 4,5 ma.kr í það heila á næsta ári.

Ég vona að þetta sé fullnægjandi svar.

Bestu kveðjur

Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur / Deputy Director General
Fjármálaráðuneytið, tekju- og skattaskrifstofa / Ministry of Finance